

Fundargerð stjórnar BÍS 8/2008
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, 15. apríl 2008 kl. 17:30

Mættir:

Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi, Bragi Björnsson, aðst. skátahöfðingi, Alfreð Atlason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, form. Alþjóðaráðs, Jenný Dögg Björgvinsdóttir, form. Dagskráráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, form. Fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður Upplýsingaráðs, Þorsteinn Fr. Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: MT setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hún nýjan formann Upplýsingaráðs, Benjamín Axel Árnason vekominn til nýrra starfa fyrir BÍS. Einnig óskaði hún Braga Björnssyni, aðstoðarskátahöfðingja, til hamingju með endurkjörið. Sagðist hún hafa fulla ástæðu til að ætla að næsta ár verði árangursríkt í skátastarfi.
2. Skátaping 2008, Verkmenntaskólanum á Akureyri 5. apríl 2008:
 - a. Framkvæmd: Þingið var styttra en verið hefur, sennilega heldur stutt. Á hinn bóginn var ágæt mæting þeirra sem við viljum gjarnan heyra frá og gott og gagnlegt fyrir stjórn að fá fram sjónarmið. Þurfum að senda félögunum tilkynningu þegar gögn vegna þingsins eru sett á Skátavefinn.
 - b. Tillögur stjórnar
 - i. Lagabreyting: Tillaga stjórnar náði ekki fram að ganga og vegna hugmynda um breytingar á lögum er rétt að stjórn skipi laganefnd.
 - ii. Landsmót: Tillaga stjórnar náði ekki fram að ganga, sennilega fyrst og fremst vegna þess að hún fjallaði um of mörg atriði í einu. Þurfum að meta næstu skref og ræða við félagsforingja.
 - c. Mál sem beint var til stjórnar
 - i. Um stuðning við skátafélög: Taka þarf hugmyndina til skoðunar með það fyrir augum að stjórn BÍS eigi til aðgerðaáætlun.
 - ii. Um dagskrármál: Dagskráráð og Fræðsluráð eru þegar farin að bregðast við þessum ábendingum og héldu sameiginlegan fund 14. apríl þar sem þessi mál voru rædd. Stefnt er að aukinni útgáfu stuðningsefnis fyrir foringja.
 - iii. Um kynningarmál: Nýr formaður Upplýsingaráðs mun hafa þessar ábendingar til hliðsjónar í sínu starfi.
 - d. Dagskrár og fræðslumál: Um þessi mál var fjallað undir liðnum 2-c-ii hér að framan.
 - e. Samskipti BÍS við skátafélögin – fundir með félagsforingjum: Stefna þarf að auknum samskiptum stjórnar BÍS og félagsforingja. Boðað verður til félagsforingjafundar á Landsmóti skáta.
3. Fundur Evrópubandalaga um WOSM mál 5. apríl 2008: HSG fór yfir það helsta sem fram kom á fundinum og lagði fram minnisblað.
4. Sumarið og haustið: Aðalverkefnið í sumar er Landsmót skáta að Hömrum og félagsforingjafundur þar ásamt þátttöku fulltrúa BÍS í heimspingum WAGGS og WOSM.
5. Landsmót 2008: Kynning á Hömrum tókst vel.
6. Roverway 2009: Þessa dagana er verið að halda fundi með íslenskum skátum þar sem þeim er kynnt mótið og leitað eftir þeirra hugmyndum að dagskrárverkefnum. Fundur

með erlendum „Jambassardorum“ verður haldinn á Úlfjótsvatni í lok maí. Þurfum að fara að huga að því hvernig við náum að virkja fleiri öfluga íslenskra skáta til þátttöku í undirbúningi og framkvæmd mótsins.

7. Ný skátadagskrá: sjá lið 2-c-ii hér að ofan.
8. Önnur mál:
 - a. Sumardagurinn fyrsti: Messa verður í Hallgrímskirkju kl. 11:00 og í Keflavíkirkirkju kl. 12:30 þar sem óskað hefur verið eftir að stjórn afhendi heiðursmerki.
 - b. Afmæli Skátakórsins: Í tilefni 10 ára afmælis Skátakórsins verður hann með tónleika laugardaginn 19. apríl kl. 15:00 í húsi Rauða krossins í Hafnarfirði.
 - c. Veikindaleyfi framkvæmdastjóra: ÞS upplýsti að hann væri að fara í veikindaleyfi frá og með næstu helgi og að tímalengd væri óljós á þessari stundu. JA mun vera staðgengill hans á meðan.

Fleira ekki rætt,
fundi slitið kl. 19:35,
fundargerð ritaði JA.